

## **44. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 29. ágúst 2002 kl. 10:30 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf, Knarrarvogi  
Mættir: Gunnar Bragason, Björn Halldórsson, Elías Ólafsson, Ragna Halldórsdóttir og Ásmundur Reykdal.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta fundar lá ekki fyrir.

### **Samstarf FENÚR og HVR**

Formaður undirritaði yfirlýsingu f.h. FENÚR, þar sem FENÚR og Hollustuvernd ríkisins (HVR) gera með sér tímabundið samkomulag um að vinna sameiginlega að málefnum er varða úrgang og endurvinnslu hans.

### **Heimasíða, breytingar.**

Ræddar breytingar á heimasíðu, að gera hana aðgengilegri og notendavænni. RH lagði fram ákveðnar hugmyndir. Henni falið að gera kostnaðaráætlun og leggja fyrir stjórn.

### **Starfshópar.**

Rætt um haustfund FENÚR, dagskrá og aðkomu starfshópanna að honum. BH, greindi frá áhuga umhverfisstofnunar HÍ á þáttöku, jafnvel með fyrirlesara. Hópstjórum og fulltrúa HVR falið að gera drög að dagskránni, dagsetningu og staðsetningu.

### **STENÚR nefndin.**

Rætt um stöðu frumvarps um umbúðaúrgang og hvort FENÚR ætti ekki að leggja fram umsögn þar um. BH falið að gera drög að umsögn til samþykktar fyrir næsta stjórnarfund.

### **Heimsókn til Austfjarða.**

Stefnt er að því að stjórn haldi fund á Austfjörðum 16. september n.k. Formanni falið að skipuleggja dagskrá í samráði við Jóhannes Pálsson, stjórnarmann FENÚR á Reyðarfirði.

### **Aðalfundur ISWA.**

Formaður greindi stuttlega frá þáttöku í aðalfundu ISWA, sem haldinn var í Istanbul, Tyrklandi í júlí sl. Fram kom að nýr forseti samtakanna, Jean Paul Leglise, var kjörinn á fundinum. Mikil gróska er í samtökunum og æ fleiri lönd eiga þar fulltrúa og taka þátt í starfi og stefnumótun. Á haustfundi FENÚR, mun formaður fjalla nánar um aðalfund ISWA og hvað þar fór fram.

Rætt um hvernig FENÚR félagar geti nýtt sér upplýsingaflæði frá samtökunum (ISWA).

Næsti fundur haldinn á Austfjörðum, 16. september, nema óvæntar aðstæður komi í veg fyrir það.

Fundi slitið 11:30

Ásmundur Reykdal.